

8. fundur stjórnar landssambands DKG

Haldinn þriðjudaginn 19. maí 2020, kl. 19.30-20.30 á Skype.

Mættar: Aníta, Ingibjörg, Eygló, Jónína, Jóna, Guðrún Edda og Theodóra.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Aníta les fundargerð síðasta fundar, hún borin upp til samþykktar. Samþykkt.

2. Er tímabært að hefja skráningu á ráðstefnuna í haust?

Ákveðið að opna fyrir skráningar og ítreka í ágúst. Ingibjörg setur auglýsingu um ráðstefnuna í fréttabréf forseta og Eygló setur auglýsinguna á vefinn.

3. Samskipti forseta við deildir

Ingibjörg hefur verið í sambandi við formenn deilda, sendi þeim bréf þar sem hún fjallar meðal annars um frestun funda nú í vor vegna Covid. Einnig spyr hún um stöðu mála vegna aðalfunda, niðurstöður stjórnarkjörs og innheimtu félagsgjalda. Ingibjörg fékk góð viðbrögð frá formönnum í kjölfarið. Innheimta félagsgjalda virðist ekki vera vandamál hjá deildunum. Fundum hefur víða verið frestað og nokkrar deildir munu halda aðalfundi síðar.

4. Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda er að fara af stað.

5. Fréttabréf forseta

Ingibjörg fer yfir það sem hún ætlar að segja frá í fréttabréfi frá forseta. Hún biðlar til stjórnar að lesa yfir fréttabréfið áður en hún sendir það út til félagskvenna.

6. Önnur mál

- Ingibjörg segir frá því að þinginu í Philadelphia sem halda átti í sumar hefur verið aflýst.
- Rætt um að streyma fyrirlestrunum á haustþinginu þannig að fleiri konur geti tekið þátt sem ekki eiga heimangengt.
- Næsti fundur ákveðinn í ágúst (11. ágúst). Ingibjörg mun kanna stöðuna þegar nær dregur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:25

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir.